

Mánudaginn 8. marzmán.

Nr. 4/1875:

Rjettvísín

gegn

Ögmundi Ögmundssyni.

Dómur.

Amtmaðurinn í suðuramtinu hefur skotið til yfirdómsins dómi, gengnum í Vestmannaeyjum, 17. septbr. f. á.; en með dómi þeim er hinn ákærði Ögmundur Ögmundsson, vinnumaður á Kálfstöðum í Rangárfingi dæmdur fyrir þjófnað til að sæta 2 ára betrunarhússvinnu og til að ljúka öllum af málinu leiðandi kostnaði. Að vísu hafði sýslumaðurinn skotið dómi þessum til yfirdómsins, en, eins og amtmaður hefur tekið fram, sjest ekki af skjölum málsins, hvort ákærði hafði óskað þess eða eigi. Brot hins ákærða, sem 5 sinnum áður hefur verið hegnt fyrir þjófnað, er í því sólgíð, að í sumar, sem leið, 23. júnímán., er hann var staddur úti Vestmannaeyjum, tók hann 2 borðstúfa, virta til samans á 1 kr. 33 aura, er láu ofarlega á bryggju verzlunarstaðar þess þar á eyjunum, er Miðbúð nefnist, og ljet þá niður í bát formanns síns, en sýslumaður ljet taka þá þar og afhenda þá kaupmanni Thomsen sem eiganda, þó engin sönnun sje fram komin fyrir eignarrjetti hans, nje heldur neins annars, á borðstúfum þessum. Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann upphaflega eigi hafi ætlað að stela borðstúfunum, heldur hafi hann tekið þá og látið upp í bát formanns síns í þeirri meiningu, að einhver af hásetum hans ætti þá, eða þá einhver af öðrum bát, er þar lá við bryggjuna; en seinna þann sama dag hafi hann fengið þá hugmynd, þegar enginn leiddi sig að borðunum, að fjenýta sjer þau. Þessa töku hefur undirdómarinn álitíð þjófnað, og að hún því heyrði undir 234. gr. hegningarlag-

anna, en yfirdómurinn verður að álíta, að brot þetta heyri undir 249. gr. í tjeðum lögum, og virðist hegning hins ákærða þá hæfilega metin til 3×5 daga fangelsis við vatn og brauð. Hinum ákærða hefur og verið gefið að sök, að hann í áminnstri kaupstaðarferð hafi stolið rullubita; en yfirdómurinn verður að vera undirdómaranum samdóma í því, að þetta sje engan veginn nægilega sannað gegn neitun hins ákærða. Hinum ákærða ber að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors.

Meðferð málsins í hjeradi og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærða Ögmund Ögmundsson ber að setja 3×5 daga í fangelsi við vatn og brauð. Svo borgi hann og allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Guðmundssonar og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. marzmán.

Nr. 21/1874: W. O. A. Löwe kaupmaður
í Liverpool
gegn
Magnúsi sjálfseignarbónda
Jónssyni.

D ó m u r.

Sumarið 1873 pantaði gagnáfrýjandi máls þessa,